



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE1MR05

Kennari	Bryndís Garðarsdóttir, bryndis.gardarsdottir@fss.is Lilja Dögg Friðriksdóttir, lilja.fridriksdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Bryndís, mánudagar kl. 9.20-10.00 Lilja Dögg, mánudagar kl. 14.00-14.40	
Námsefni	<i>Myrkrið milli stjarnanna</i> eftir Hildi Knútsdóttur - Bókabúð Verkefnamappa og stílabók Verkefni frá kennara verða aðgengileg á efnisveitu Innu.	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, lesi fjölbreytta texta, s.s. bókmenntatexta, ljóð, ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum, fræðiritum og á netinu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í fjölmiðlalæsi. Nemendur fá þjálfun í ritun og tjáningu. Nemendur læra að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni í ræðu og riti.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi og lokaefnkunn byggist á vinnueinkunn og útkomu úr kaflaprófum. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að taka einu sinni. Ef nemendur af óviðráðanlegum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa nemendur eitt tækifæri til að taka prófið í stoðtíma. Ekki er leyfilegt að taka próf utan kennslustofu nema í samráði við kennara. Ef engin skýring er á fjarveru nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.	
	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐	
	Heiti Fréttir og málefni líðandi stundar Ljóð og dægurlög Þjóðsögur Myrkrið milli stjarnanna Kvikmynd/þættir Lokaverkefni	Vægi 20 % 10 % 25 % 25 % 10 % 10 %
Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur skulu koma undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Nemendur bera ábyrgð á að skila verkefnum á því formi sem beðið er um og kennari getur opnað. Þá er ætlast til að þeir sækir allar kennslustundir og skili öllum verkefnum á réttum tíma. Ef nemandi verður uppvís að svindli eða notkun gervigreindar (án leyfis kennara) er gefin einkunnin 0 fyrir verkefnið/prófið. Ef nemandi verður uppvís að því að skila verkefni sem annar nemandi hefur unnið fá báðir nemendur 0 í einkunn. Kennari áskilur sér rétt til þess að kanna þekkingu nemenda með munnlegu prófi.
--	--

Grunnþættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfar nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi lesturs og lesskilnings • uppbyggingu og framsetningu mismunandi texta • mikilvægi fjölbreytilegs orðaforða • mismunandi tal- og málsniðum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa sér til gagns og ánægju • fjalla um og túlka mismunandi texta • skrifa fjölbreytilegan texta • nota mismunandi málsnið til að byggja upp og ganga frá stuttum textum
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • lesa og túlka texta sér til gagns og ánægju • koma máli sínu á framfæri á skipulagðan og greinagóðan hátt • beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 1 klst.	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Verkefnavinna	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga og námsefni Fjölmiðlar Ritun	Verkefni Endursögn á fréttum úr fréttatíma RÚV
2. vika 24.-28. ágúst	Fjölmiðlar og fréttir Ritun	Verkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Fjölmiðlar og fréttir Glósur og hugarkort	Skil á fréttaverkefni
4. vika 7.-11. september	Bókmenntahugtök og kynning á skáldsögu	Verkefni
5. vika 14.-18. september	<i>Myrkrið milli stjarnanna</i> eftir Hildi Knútsdóttur	Verkefni
6. vika 21.-25. september	<i>Myrkrið milli stjarnanna</i> eftir Hildi Knútsdóttur	Lespróf 1 Verkefni
7. vika 28. september-2. október	<i>Myrkrið milli stjarnanna</i> eftir Hildi Knútsdóttur	Lespróf 2 Verkefni
8. vika 5.-9. október	Kvikmynd/þættir Stoðtími	Skil á verkefnamöppu í tengslum við skáldsögu
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Viðtöl í tengslum við miðannarmat	Skil á verkefni tengt kvikmynd/þáttum
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Þjóðsögur Ritun	Verkefni
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Þjóðsögur Ritun	Verkefni
12. vika 2.-6. nóvember	Þjóðsögur Ritun	Verkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Þjóðsögur	Próf úr þjóðsögum
14. vika 16.-20. nóvember	Ljóð og dægurlög	Verkefni
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Ljóð og dægurlög	Verkefni Skil á ljóðaverkefni
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaverkefni Stoðtími og gengið frá lausum endum	Lokaverkefni skilað

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Bryndís og Lilja